

# *Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.*

## FUNDARGERÐ

### 17. fundur

Fundur var haldinn í Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga miðvikudaginn 24. september árið 2008. Fundurinn var haldinn hjá Þingeyjarsveit að Kjarna á Laugum og hófst hann kl. 13<sup>00</sup>.

#### Fundinn sátu:

Eiður Árnason, Kristján Snæbjörnsson, Jóhannes Steingrímsson, Helgi Hallsson og Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

**1. 200809049 – Erindi frá Sigurði Agli Einarssyni**

Sigurður Egill Einarsson sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við frístundahús að Reykjum 2. Stækkun er 9,4 m<sup>2</sup>. Teikningar eru unnar af Þresti Sigurðssyni á Opus ehf.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

**2. 200809028 - Erindi frá Maroni Björnssyni**

Maron Björnsson sækir um byggingarleyfi fyrir frístundahús að Stekkjarbyggð 23, Lundsskógi. Húsin eru tvö einingarhús frá SG Húsum á Selfossi, frístundahús 116,3 m<sup>2</sup> og geymsla 34,8 m<sup>2</sup>, samtals 151,1 m<sup>2</sup>. Teikningar eru unnar af Kjartani Sigurðssyni hjá ES teiknistofunni.

*Byggingarnefnd samþykkir byggingu frístundahúss, en hafnar geymslubyggingunni þar sem stærð hennar brýtur í bága við deiliskipulag.*

*Byggingarnefnd bendir umsækjanda á landeiganda og skipulagsnefnd Þingeyjarsveitar, óski hann eftir breytingu á deiliskipulagi.*

**3. 200809088 - Erindi frá Lífsvali ehf.**

Lífsval ehf. sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við gamalt íbúðarhús að Hlíðskógum. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkti á fundi sínum 29. maí s.l. erindi um að rífa viðkomandi hús en nú er ætlunin að varðveita hluta þess og byggja við það.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

**4. 200809015 - Erindi frá Eyþóri Péturssyni Baldursheimi**

Eyþór Pétursson sækir um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við fjárhús að Baldursheimi 1. Viðbyggingin er 192 m<sup>2</sup> að grunnfleti. Teikning er unnin á Búgarði.

*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*

**5. 200710120 - Erindi frá Hótel Mývatni ehf.**

Yngvi Ragnar Kristjánsson f.h. Mývatns ehf. sækir um byggingarleyfi fyrir stækkun á veitingasal hótelsins. Byggingar- og skipulagsnefnd samþykkti á fundi sínum 26. október 2007, 29,4 m<sup>2</sup> viðbyggingu til suðurs. Nú er ætlunin að byggja líka til austurs þannig að stækkun er 113,4 m<sup>2</sup>.

*Byggingarnefnd frestar afgreiðslu erindisins þar til fullnægjandi gögn berast.*

## ***Byggingar- og skipulagsnefnd Suður-Þingeyinga.***

6. **200808108 - Erindi frá Friðgeiri Sigtryggssyni Hólavegi 4, Laugum**  
Friðgeir sækir um leyfi til að byggja einbýlishús á Breiðamýri. Stærð 138,9m<sup>2</sup> og rúmmál brúttó 484,4 m<sup>3</sup>. Teikning unnin af Bjarna Reykjálín arkitekt og byggingartæknifræðingi.  
Skrifleg yfirlýsing nágranna fylgir umsókninni um að undirritaðir geri ekki athugasemdir við bygginguna. Arnkell Jósepsson, Óttar Jósepsson, Björg Arnþórsdóttir og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.  
*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*
  
7. **20080809107 - Erindi frá Aðalsteini Má Þorsteinssyni og Corneliu S. Þorsteinsson Hjalla**  
Aðalsteinn Már Þorsteinsson og Cornelia S. Þorsteinsson eigendur og ábúendur á Hjalla í Reykjadal sækja um byggingarleyfi fyrir þjónusuhús við tjaldstæði á Hjalla, - Vaðshóla. Flatarmál hússins er 34,5 m<sup>2</sup>, rúmmál brúttó 106,1 m<sup>3</sup>. Teiknað hjá Mannviti á Húsavík.  
*Byggingarnefnd samþykkir erindið.*
  
8. **200808109 – Erindi frá Karli Viðari Pálssyni Helluhrauni 2, 660 Mývatn**  
Karl Viðar Pálsson sækir um leyfi til að breyta opnanlegum gluggafögum á íbúðarhúsi sínu Helluhrauni 2, Mývatnssveit. Breytingin felst í því að minnka opnanlegu gluggana í hálfan glugga í staðin fyrir heilan.  
*Byggingarnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um að björgunarropi verði komið fyrir út úr hverju svefnherbergi.*

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15<sup>00</sup>.

Eiður Árnason  
Kristján Snæbjörnsson  
Jóhannes Steingrímsson  
Helgi Hallsson  
Gaukur Hjartarson byggingarfulltrúi